

Lög

Um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Vjer Christian hinn Tiundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Vestmannaeyjar skulu teknar í tölu kaupstaða.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum skal vera bæjarfógeti. Hann hefir auk þess öll hin sömu störf á hendi og sýslumaðurinn nú, enda hafi sömu laun úr landssjóði.

3. gr.

Bæjarstjórnin stýrir málefnum kaupstaðarins; í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti. Hann er oddviti hennar og hefir atkvæðisrjett á fundum. Bæjarsjóður greiðir honum 500 kr. í skrifstofufje.

Samþykki $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða með leynilegri atkvæðagreiðslu kjósenda, skal í stað bæjarfógeta kosinn bæjarstjóri til 6 ára í senn, á sama hátt og bæjarfulltrúar. Hann skal launaður af bæjarsjóði

4. gr.

Bæjarsjóður eignast allar eigur Vestmannaeyjasýslu og Vestmannaeyjahrepps og tekur að sjer allar skyldur hans og skuldbindingar.

5. gr.

Forstaða bæjarmálefna og framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórn tekur, er á hendi oddvita.

Með samþykkt skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í samþykkt kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra nefnda. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, sem hún setur um það. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa, sjá þó 22. gr.

6. gr.

Nr. 26.
22. nóv.

Bæjarfulltrúar eru 9. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta, eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúa kjósa bæjarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

7. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, foreldrar og börn, nje heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

8. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Árið 1919 skulu þó fulltrúarnir kosnir fullri tölu; fer einn þriðjungur þeirra frá eftir eitt ár, samkvæmt hlutkesti, og annar þriðjungur eftir 2 ár. Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástaðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

9. gr.

Almennar fulltrúakosningar fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sje samin um þá, er kosningarrjett eiga; skrá þá skal kjörstjórn semja, en kjörstjórar eru oddvití bæjarstjórnar og 2 fulltrúanna, er bæjarstjórn kys. Kjörskrá skal liggja öllum kjósendum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Kærur gegn kjörskrá á að bera upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á kærurnar.

10. gr.

Formaður kjörstjórnar boðar stund og stað, er kosningar skulu fram fara, með eigi minna en viku fresti og á þann hátt, er kjörfundi er vant að boða.

11. gr.

Innan sextugs aldurs er hver kjörgengur karlmaður skyldur að taka við kosningu, hafi hann ekki sennilega ástæðu til að skorast undan. Sker kjörstjórn úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar. Sá, s m gegnt hefir fulltrúastörfum 6 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þá sýslu aftur jafnlangan tíma og hann hefir verið fulltrúi.

Nr. 26.

22. nóv.

12. gr.

Kærun yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga eftir að kosningin fór fram. Leitar bæjarstjórn álits kjörstjórnar um kærana og leggur úrskurð sinn á málið innan 8 daga. Innan 14 daga má kæra úrskurð bæjarstjórnar fyrir stjórnarráðinu. Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður, er lagður á framkomnar kærun.

Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hinar síðast leiðrjettu kjörskrár.

13. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, sakir atvika, er svifti hann kjörgengi; hún ákveður og hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórninni um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, er hann var skyldur að gera sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra til stjórnarráðsins á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan

14. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, er þess er krafist.

Bæjarstjórn setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

15.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar ganga út fyrir valdsvið hennar, eða ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið,

eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann
fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt um það í gerðabók-
ina. Um þetta skal hann, svo fljórt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, Nr. 26.
er svo leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt senda 22. nóv.
bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún
fer til stjórnarráðsins.

16. gr.

Í málum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólanefndar sæti
og tillögurjett á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann
sje bæjarfulltrúi.

17. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálefnum bæjarins, en byggingarnefnd
annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem formaður hennar og 4 menn,
er bæjarstjórn kys, 2 úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða
byggingarnefndar, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál
bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykkt, er bæjar-
stjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í bygg-
ingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu
þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sjer; svo má
þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingar-
nefnd veitir. Nú er byggingararfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt,
og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi
sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir
byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau
í bæjarsjóð.

18. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfjelagsins samkvæmt hafnarlögum.

19. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir
þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu
bæjarfógeta, er veitir þeim lausn. Hún gerir og tillögur um skipun yfirsetukvenna
og kys um sáttamannsefni.

20. gr.

Almanaksárið telst reikningsár bæjarins. Innan 1. nóvember skal bæjar-
stjórn semja áætlun yfir tekjur og gjöld næsta árs. Það, sem ávantar til að

Nr. 26. standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eftir efnum og ástæð-
 22. nóv. um. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða á 2 fundum með viku bili. Við síðari umræðu skal ihuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar. Skál áætlunin vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Hún skal lögð fram innan 15. nóvember kjósend- um til sýnis í hálfan mánuð

Án samþykkis stjórnarráðsins má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjar- gjöld samtals á bæjarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

Af hverjum fermetra í útmældum húsgrunnum skal greiða 4—10 aura ár- lega til bæjarþarfa, og af hverjum fermetra útmældrar óbygðrar lóðar skal greiða 2—4 aura, samkvæmt ákvæðum áætlunar.

21. gr.

Niðurfjölfun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa lög- heimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Þá skal draga frá útsvar- inu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hvers konar atvinnu, sem rekin er í bænum og talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskap eða þilbátaútgerð, má gjald leggja, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarssaðar. Á síldveiði og síldverkun í kaupstaðnum eða á höfninni, og lóðarafnot, sem ein- hvern arð gefa, má leggja gjald, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgara- brjef og haft sölubúð eða vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Heimilt er niðurfjölfunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skykt er nefndinni og bæjarstjórn að halda þessum upplýsingum leyndum.

22. gr.

Niðurfjölfunarnefnd skipa 7 menn, og skulu þeir kosnir í októbermánuði á sama hátt og bæjarfulltrúar. Þeir skulu kosnir til 6 ára. Þó fara 4 þeirra frá eftir 3 ár, samkvæmt hlutkesti, er bæjarstjórn lætur fram fara. Um setu í niðurfjölfunarnefnd gildir að öðru leyti sama og fyr segir um bæjarstjórn, að því er við getur átt. Enginn má á sama tíma sitja í niðurfjölfunarnefnd og bæjar- stjórn. —

Niðurfjölfunarnefnd kys formann úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu og um bæjarstjórn (14. gr.).

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun í lok nóvembermánaðar. Nr. 26.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis 1.—15. desember á hentugum 22. nóv. stað, er niðurjöfnunarnefnd auglýsir.

Kærum yfir niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefnd skriflega innan hálfis mánaðar frá því að niðurjöfnunarskráin var til sýnis. Innan hálfis mánaðar þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun niðurjöfnunarnefndar má svo innan hálfis mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfis mánaðar.

Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kvarta undan skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum sje slept af skránni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns eða yfir því, að manni sje slept, skal honum gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fella úrskurð sinn.

Eigi má bæjarstjórn bæta manni á niðurjöfnunarskrá, nema gjald hans nemi að minsta kosti hinu lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskrá.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því að greiða þann hluta skattsins, sem fallinn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgildið er.

23. gr.

Bæjarstjórn má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnimánaðar, ef þess þykir þörf, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flust hafa til kaupstaðarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því, er áður segir. Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt, sem fyr greinir.

24. gr.

Verði ágreiningur milli Vestmannaeyja og annars sveitarfélags um, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, skal stjórnarráðið skera úr því.

Þykist einhver ekki vera skattskyldur í bænum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

25. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 15. janúar og 15. júlí ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur bæjarfélagsins. Sjeu þau eigi greidd innan hálfis mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður úr bænum innan ársloka, fellur alt gjalt niður, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur úr bænum einhverntíma á árinu, er að eins skyldur til að greiða skatt til loka þess

Nr. 26. árstjórnungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, 22. nóv. er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

26. gr.

Bæjarstjórnin, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabriefum og öðrum eignum bæjarins.

27. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjód skýrslu, er sýni bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjórnar. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, er þau eiga undir.

28. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu o. fl., skal ekkert gjald greiða í landssjóð.

29. gr.

Bæjarstjórn er skyld að útvega og láta landsstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólktal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skulbindingu til langframa, sem ekki beinlinis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

31. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok janúarmánaðar; lætur oddviti bæjarstjórnar reikninginn liggja kjósendum til sýnis, eins og fyrir er mælt um niðurjöfnunarskrána.

Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna eru 2, og kýs bæjarstjórn þá hlut-Nr. 26. fallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í 3 ár, og mega ekki eiga sæti í 22. nóv. bæjarstjórn þann tíma. Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum yfirskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan hálfis mánaðar, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin. Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágríp af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji; á það ágríp að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll atriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

32. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum. Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmat gjöld, neitað að greiða gjöld, sem hvila á bænum að lögum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

33. gr.

Með samþykkt þeirri, er getur um í 5. gr. og stjórnarráðið staðfestir, má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins, samkvæmt grundvallarreglum laga þessara, þar á meðal um brot á þeim.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1919.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg 22. nóvember 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.